

Miðvikudaginn 11. apríl 1990.

Nr. 155/1990. **Ákærvaldið**

gegn

Óskari Guðna Gunnarssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald. 1. tl. 1. mgr. 67. gr. 1. nr. 74/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 9. þ.m., sem barst Hæstarétti 10. þ.m.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og honum dæmdur kærumálskostnaður.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar úrskurðarins.

Verið er að rannsaka ætluð brot varnaraðila og fleiri á lögum nr. 65/1974 um ávana- og fíkniefni og reglugerð nr. 16/1986. Rannsókn þessari er ekki lokið, en hún er mjög umfangsmikil, og ráðgert er að yfirheyra fjölmarga vegna ætlaðs þáttar varnaraðila og samprófa við hann. Nærvera hans er því nauðsynleg. Með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða úrskurðar.

Kærumálskostnaður er ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 8. apríl 1990.

Ár 1990, sunnudaginn 8. apríl, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni og þá upp kveðinn úrskurður þessi.-

Málsatvik.

Lögreglan í Reykjavík hefur undanfarnar vikur rannsakað ætlað stórfellt fíkniefnamisferli tívburabræðranna Rúnars Ben Maitlands, kt. 230772-3989, og Davíðs Ben Maitlands, kt. 230772-5179, og margra fleiri aðila í tengslum við þá. Nefndir bræður hafa þegar í lögregluyfirheyrslum kannast

við meðhöndlun og sölu á mörgum kg af hassi og nokkrum tugum g af amfetamíni frá byrjun síðasta árs og fram í febrúar-mars á þessu ári. Þá hafa þeir nafngreint fjölda aðila sem kaupendur þessara fíkniefna, en auk þess nokkra, sem selt hafi þeim bræðrum ofangreind efni. Meðal slíkra seljenda hefur áður nefndur Rúnar Ben nafngreint Ólaf Svan Ingimundarson, kt. 030865-5459, og talið þá bræður í fjölmörgum afhendingum samtals hafa ofangreint tímabil af Ólafi þessum keypt vægt reiknað 1 kg af hassefnum. Nefndur Rúnar kvaðst vita, að öll þessi efni væru komin frá Óskari Guðna Gunnarssyni ofangreindum, enda Ólafur Svanur marglýst því yfir. Þess utan kvaðst Rúnar Ben hafa orðið vitni að afhendingum Óskars Guðna til Ólafs Svans. Nefndi hann þar tilvik á heimili Ólafs Svans í Kópavogi seint í janúar sl., er Óskar Guðni hafi þar afhent Ólafi Svan 8 g af amfetamíni, en sá síðarnefndi þegar afhent Rúnari 7 g þar af. Einnig annað tilvik um svipað leyti, er Rúnar hafi gist um nótt á heimili Ólafs, vegna þess að þangað seinkaði komu Óskars Guðna með hassefni, sem þó hafi orðið daginn eftir.

Nefndur Rúnar hefur og borið að hafa frá Óskari Guðna móttakið að Davíð Ben viðstöddum þau 10 g af amfetamíni, sem lögregla fann og haldlagði í vistarverum þeirra bræðra þann 29. janúar sl. Þá hefur Rúnar Ben Maitland nokkrum sinnum talið sig hafa farið í fylgd annarra að heimili Óskars Guðna að Frakkastíg 14 og þar verið keypt hassefni. Nefndur Rúnar hefur sérstaklega lýst tveimur tilvikum og í öðru hafa verið með sér í för þrjá nafngreinda aðila, en tvo í hinu.

Loks hefur Rúnar þessi hjá lögreglu borið um að hafa um síðustu verslunarmannahelgi verið við Kleifarvatn í útilegu ásamt bróður sínum og hópi kunningja að auki og þá og þar séð í fórum Óskars Guðna væna hassplötu, eða 150-160 g, og af keypt 25 g. Einnig verið almælt í sama hópi, að margir fleiri hafi sömu helgi og á þessum stað bæði keypt hassefni og amfetamín af Óskari Guðna.

Áður nefndur Davíð Ben Maitland kvaðst í fyrstu lögregluþyrifirheyrslu áætla, að þeir bræður hefðu í sameiningu og frá byrjun árs 1989 af Ólafi Svani keypt 700-1200 g af hassi, en auk þess 10-20 g af amfetamíni. Síðar bar Davíð þessi, að hassmagnið frá Ólafi Svani til þeirra bræðra hefði ekki verið undir 1500 g, og taldi sig með vissu vita, að allt ofangreint magn hefði verið frá Óskari Guðna komið, einnig, að þeir bræður hafi í nokkrum afhendingum og á heimili sínu sl. sumar keypt milliliðalaust af Óskari Guðna 20-30 g af hassi og 20-25 g af amfetamíni.

Þá lýsti Davíð þessi efnislega á sama veg og haft var eftir Rúnari Ben hér að ofan vörslum Óskars Guðna á stórrí hassplötu við Kleifarvatn um sl. verslunarmannahelgi og Óskar þarna verið að selja af nefndri plötu.

Þá kvaðst Davíð þessi margoft hafa farið að heimili Óskars Guðna hér

í borg ásamt nafngreindum aðila úr Sandgerði, sem þá hafi verið að sækja hassefni til Óskars Guðna.

Áðurnefndur Ólafur Svanur Ingimundarson hefur í lögregluþyrheyrslu kannast við að hafa tímabilið 20. desember - 15. janúar sl. samtals í mörgum afhendingum af Óskari Guðna Gunnarssyni keypt 300-400 g af hassefnum og jafnan afhent Rúnari Ben Maitland til endursölu, en aldrei þó meira en 25 g í senn, einnig í byrjun janúar sl. að heimili sínu við Álfhólsveg í Kópavogi frá Óskari Guðna móttekið 6 g af amfetamíni og að beiðni Óskars fengið það Rúnari Ben Maitland til endursölu, enda Óskari Guðna um það kunnugt, að tviburabræðurnir Rúnar og Davíð höfðu tekið við og selt hassefni frá Óskari Guðna.

Af hálfu lögregluþyrvalda í Reykjavík hefur með vísan til ofanritaðs verið lögð fram rökstudd krafa um, að Óskar Guðni Gunnarsson verði úrskurðaður í gæsluvarðhald allt að 17. þessa mánaðar kl. 15.00.

Óskar Guðni Gunnarsson var vegna þessa og fyrr í dag yfirheyrdur hér fyrir dómi. Taldi hann sig þá hafa skýrt efnislega rétt frá í lögregluþyrheyrslum 28. og 29. fyrra mánaðar svo og 7. þessa mánaðar með þeim leiðréttingum, sem þar komi fram, og auk þess, að hann hafi í þremur tilvikum, en ekki tveimur, mjög nærri áramótum sl. fyrir þrábeiðni Ólafs Svans Ingimundarsonar útvegað honum liðlega 10 g af hassi hverju sinni og þannig samtals mjög nærri 40 g, þess utan og við sömu tækifæri samtals 6 g af amfetamíni. Óskar Guðni kvaðst ekki hafa móttekið greiðslur í þessu sambandi, en litið svo á, að þessi viðskipti kæmu til lækkunar á 400.000 kr. peningaláni frá Ólafi Svani í júní-júlí sl.

Af hálfu réttargæslumanns Óskars Guðna er mótmælt fram kominni gæsluvarðhaldskröfu lögregluþyrvalda í Reykjavík, enda ekki af gögnum málsins talið verða ráðið, að slík vistun þjóni rannsóknarhagsmunum.

Niðurstöður.

Samkvæmt ofanskráðu er verið að rannsaka ætlað stórfellt fíkniefnamisferli margra aðila. Telja verður rannsókn vel á veg komna, en jafnframt, að mikið beri í milli framburðar nokkurra aðila um veigamikil atriði. Ekki verður þó fullyrt, að samprófanir það varðandi séu að svo komnu tímabærar.

Með vísan til þess, annars ofanritaðs svo og 1. mgr. 1. tölul. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir í þágu rannsóknarhagsmuna rétt að verða við fram kominni kröfu lögregluþyrvalda í Reykjavík og ákvarða, að Óskar Guðni Gunnarsson, kt. 100463-5049, skuli sæta gæsluvarðhaldi allt að kl. 15.00 þriðjudaginn 17. þessa mánaðar, en frá kl. 11.55 í dag að telja.

Úrskurðarorð:

Óskar Guðni Gunnarsson, kt. 100463-5049, til heimilis að Vallar-
götu 8, Sandgerði, skal sæta gæsluvarðhaldi frá kl. 11.55 að telja þann
8. apríl 1990 og allt að kl. 15.00 þriðjudaginn 17. apríl 1990.
